



Ársskýrsla Landsaðgangs að  
rafrænum gagnasöfnum og tímaritum  
2010

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>2</b>
<b>3.0 Samningar um landsaðgang</b> .....	<b>4</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>6</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>7</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>8</b>

*Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland.*

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef Landsaðgangsins eru veittar upplýsingar um gögnin, þar eru listar yfir tímarit í aðgangi og samleit. Auk þess eru upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Menntamálaráðuneyti gerði í desember 2006 þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) um framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hann kemur í stað eldri samnings um sama efni sem hafði gilt í fjögur ár.

Á fjárlögum ársins 2010 var úthlutað 35,5 milljónum króna. Það fé rennur til rekstrar Landsaðgangsins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja, samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2010 var 232 milljónir, þar af 11,6 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 220,4 milljónir. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2010 vegna stöðu krónunnar var 87,7 millj. kr.

Árlega er einhver hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangsins er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Í samráði við Ríkisendurskoðun var ákveðið að afskrifa ógreidda reikninga vegna árána 2001 – 2005, alls að upphæð 11.140.189 kr. eða um 2.2. millj. kr. á ári.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan í ágúst 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum hvar.is og ýmsu sem tengist landsamningum. Fimm aðrir starfsmenn Lbs-Hbs unnu að samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu og fjárumsíslu, vefmála og verkefna vegna krækjukerfisins SFX. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu,

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt þjónustusamningi hefur landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar. Hlutverk hennar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveurrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgist með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefnd hélt sex fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í fundum ásamt starfsmönnum Lbs-Hbs um fjármögnun Landsaðgangs og vegna kynningar á erlendum geymslusöfnum. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Samkvæmt 3. grein þjónustusamnings um Landsaðgang skal ársfundur tilnefna fimm manna stjórnarnefnd til þriggja ára og var stjórnarnefnd síðast tilnefnd á ársfundi 2007. Fyrir ársfund 2010 var leitað eftir tilnefningum og voru fyrri stjórnarmenn reiðubúnir að starfa áfram, nema fulltrúar Upplýsingar, þær Pálína Héðinsdóttir og Guðrún Pálsdóttir. Upplýsing tilnefndi Önnu Sveinsdóttur og Ásdísi Hafstað sem varamann. Í stjórnarnefnd 2010-2013 eru því: Anna Torfadóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Andrea Jóhannsdóttir, Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís Hafstað, Sigurður Hafsteinsson, varamaður Baldvin Zarióh og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Sveinn Ólafsson.

Þeim Pálínu og Guðrúnu eru færðar þakkir fyrir frumkvöðlastarf og óeigingjarnt framlag í þágu Landsaðgangs frá upphafi.

### **Verkefni stjórnarnefndar**

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2010 og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2010. Meðal annarra verkefna má nefna eftirlit með innheimtu, greiðslum og afskriftum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi, samráð við menntamálaráðuneytið um fjármögnun Landsaðgangs, undirbúning samninga við birgja, umfjöllun um tilboð og samþykkt þeirra. Auk þess kynnti stjórnin sér varðveislu stafræna tímarita, starfsemi erlendra geymslusafna o.fl.

### **Þátttaka í ICOLC**

Landsaðgangur gerðist þátttakandi að ICOLC (International Coalition of Library Consortia) árið 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. ICOLC endurskoðaði

yfirlýsingu um samvinnu seljenda og kaupenda rafræns efnis vegna efnahagsástandsins en hún var upphaflega birt 2009.

### **Aðild að COUNTER**

Stjórnarnefnd samþykkti á árinu að Landsaðgangur yrði aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla sem notaðir eru við talningu á notkun rafrænna tímarita- og gagnasafna. Landsaðgangur verður „library affiliated member“ frá áramótum 2011 og hefur þá aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Áhersla hefur verið lögð á að þeir útgefendur sem Landsaðgangur skiptir við noti COUNTER staðalinn. Vefur COUNTER er á slóðinni <http://www.projectcounter.org/>.

### **Portico**

Stjórnarnefnd Landsaðgangs sótti vefkynningu um fyrirtækið Portico þann 18. maí í fyrirlestrasal Lbs-Hbs. Portico er varðveislusafn rafræns efnis t.d. þegar útgefendur hætta starfsemi eða útgáfu tímarita er hætt. Kenneth DiFiore starfsmaður Portico lýsti m.a. varðveislunni rafræns efnis til framtíðar, þjónustu Portico á þessu sviði, aðgengi að rafrænu efni hjá Portico og tæknilegum lausnum við varðveislunni efnis. Portico gerir samninga við útgefendur um varðveislunni og um 100 útgefendur hafa gert samninga við Portico sem ná til 10.000 tímaritatitla og 15 millj. tímaritagreina. Þátttakendur í Portico eru 673 bókasöfn þar af er um helmingur innan Bandaríkjanna. Viðmót til leitar hjá Portico er enn lítt þróað og kemur ekki í stað leitaviðmóta útgefenda. Portico býður upp á að bera saman ISSN númer tímarita í áskrift Landsaðgangs við ISSN númer tímarita hjá Portico með svokölluðu „holding comparison“. Þannig er hægt að sjá hversu stór hluti tímarita í áskrift er í Portico. Ekki er var tekin nein ákvörðun um frekari samskipti en stjórnin mun fylgjast með þróun mála.

### **Hathi Trust**

Stjórnarnefnd Landsaðgangs stótti fyrirlestur Jeremy York frá HathiTrust Digital Library í fyrirlestrasal Lbs-Hbs þann 5. ágúst sem hann nefndi „Digital Preservation, HathiTrust, and the Re-imagination of the Library Landscape“. HathiTrust er samvinnuverkefni margra bandarískra háskóla og háskólabókasafna um varðveislunni og miðlun efnis í stafrænni endurgerð. Verkefnið hófst 2008 og nú þegar eru um 6.5 milljónir gagna í safninu. Meðal þátttakenda eru Columbia University, UCLA, University of Chicago, University of Michigan, Yale og Northwestern. Auk þess hefur New York Public Library gengið til liðs við samtökin. Samtökin eru að færa út kvíarnar og óska nú eftir samvinnu við háskóla utan Bandaríkjanna. Sjá nánar á <http://www.hathitrust.org/>

### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Aðgengi að ProQuest 5000 hætti í lok árs 2009 og í þess stað tekinn upp aðgangur að ProQuest Central. Annar aðgangur var óbreyttur.

Gagnasöfn:

- Encyclopedia Britannica
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Grove Art
- Grove Music
- Web of Science

Britannica og Grove-söfnin eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Með SFX krækjukerfinu er síðan hægt að sækja heildartexta greina þegar aðgangur er annars staðar.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla 2010:

- EBSCOhost
  - Academic Search Premier ( 8.506 titlar, þar af 4.642 í fullum texta)
  - Business Source Premier (3.283 titlar, þar af 2.113 í fullum texta)
  - MasterFile Premier (2.665 titlar, þar af 1.670 í fullum texta)
- ProQuest Central (12.665 titlar, þar af um 9,745 í fullum texta)

EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár. Nokkur skörun er milli EBSCO safnanna og ProQuest.

Tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2010:

- Elsevier ScienceDirect (2.059 titlar)
- Karger Online (99 titlar)
- Sage Premier (554 titlar)
- SpringerLink (1.358 titlar)
- Wiley (Blackwell-Synergy) (778 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka.

Kostnaður við áskriftir var 220,4 milljónir kr., þar af 44,2 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 176,2 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200

greiðenda var 105 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs til Landsaðgangsins vegna gengisfalls krónunnar var 87,7 milljónir kr. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (ScienceDirect, Karger, Sage Premier, Springer og Wiley-Blackwell), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost og Proquest Central), aðgang að gagnasöfnum (Britannica, Grove-söfnin og gagnasafni Morgunblaðs) ásamt háskóla-bókasöfnum.

Í Landsaðgangi voru um 17.300 tímarit í fullum texta, og ríflega 8.900 tímarit með útdráttum greina. Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost, ProQuest og öðrum söfnum.

### **Kostuð gagna- og greinasöfn**

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun.

#### **Kostuð gagna- og greinasöfn:**

➔ ASCE  
og EiVillage með Compendex

➔ OVID

#### **Aðilar sem kosta aðganginn:**

Verkfræðideild HÍ, Háskólinn í Reykjavík, Íslenskir aðalverktakar, Landsvirkjun, Línuhönnun, Orkuveita Reykjavíkur, VSÓ ráðgjöf, VERKÍS.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

### **Opinn aðgangur (OA)**

Á vef Landsaðgangsins eru krækjur á mörg íslensk og erlend gagnasöfn sem eru opnum aðgangi (Open Access - OA).

### **Samningar 2010 – 2012**

Í byrjun árs 2010 náðust samningar til þriggja ára, 2010 – 2012, við flesta birgja. Samningur við Wiley-Blackwell er til loka árs 2011 og samningur við Encyclopedia Britannica er til loka apríl 2012. Samningar við Morgunblaðið framlengjast um ár í senn. Aðgangur er óbreyttur frá fyrra ári nema að áskrift að ProQuest Central kom í staðin fyrir ProQuest5000.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á árinu 2010 tók umsjónarmaður þátt í verkefnahópi um notkun SFX á Íslandi á vegum Landskerfis bókasafna sem rekur SFX krækjakerfið og Aleph kerfið sem hýsir Gegni. Útgáfa 4.0 af SFX var tekin í notkun á árinu.

Umsjónarmaður veitti bókasöfnum aðstoð vegna kostaðra áskrifta í Landsaðgangi og minni sérsamlaga s.s. GeoRef, EconLit og CSA.

Vefurinn hvar.is er aðal þjónustuleið Landsaðgangsins og þar er aðgangur að gögnunum. Á vefnum eru veittar upplýsingar um verkefnið, um það efni sem keypt er, um gagnasöfn í opnum aðgangi, heimildaskráningu og önnur mál sem tengjast rafrænum áskriftum. Þar eru upplýsingar um samninga við útgefendur og um notkun á gögnunum, auk fréttu af málum á þessum vettvangi.

### **Verkefnaáætlun 2010-2011**

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla utan daglegra starfa. Settur var á fót verkefnahópur starfsmanna Lbs-Hbs vegna endurnýjunar á vef Landsaðgangs – hvar.is. Á vegum hópsins var gerð könnun meðal notenda m.a. um notendahegðun og mat á mikilvægi ýmissa þátta á vefnum. Fjöldi þátttakenda var 1.068. Upplýsingar sem fram komu voru m.a. nýttar við gerð veftrés fyrir nýjan vef.

Á árinu tók Lbs-Hbs í notkun upptöku- og miðlunarkerfið e-Mission og hefur það m.a. verið nýtt við upptökur á viðburðum á vegum Landsaðgangs. Vegna anna hefur ekki gefist kostur á að gera kennsluefnis fyrir notendur. Stefnt er að slíkt efni verði gert samhliða nýjum vef á árinu 2011.

## 5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 3.200 bæklingum árið 2010 samanborið við 7.115 bæklinga árið 2009. Þá var einnig dreift 1.230 bókamerkjum frá Grove Art og Grove Music auk veggspjalda.
- Umsjónarmaður var með erindi um Landsaðgang og upplýsingalæsi á Landsfundi Upplýsingar í september.
- Umsjónarmaður var með kynningu hjá Orkuveitu Reykjavíkur í mars.
- Umsjónarmaður hélt ný kynningar um gagna- og tímaritasöfn hjá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang í námskeiðinu Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang og kenndi á gagnagrunna hjá Keili – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs í janúar.
- Umsjónarmaður var með kynningu á ScienceDirect hjá Líffærafræðistofu í Lækna- garði í apríl.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs í ágúst.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vef Landsaðgangs, hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Að auki voru sendar fréttir á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

Umsjónarmaður sótti námskeiðið *Grundläggande utbildning om databaslicense och förhandlingsteknik* hjá Kungliga Biblioteket í Stokkhólmi 17.-18. febrúar og fór á *Nordic Meeting* hjá ABM-utvikling í Osló 9.-10. september. Þar kom m.a. fram að framlög til bókasafna á Norðurlöndum hafa verið skorin niður.

### Tilraunaaðgangur

Tilraunaaðgangur að fjölbreytilegu efni tímarita, rafrænna bóka, uppflöttirita auk gagnasafnanna *Images MD* og *Zentralblatt MATH* frá Springer var opinn fram til 1. apríl 2010.

### Heimsóknir

Max Dumoulin hjá Elsevier var í heimsókn á Íslandi 14. september og hélt kynningu í fyrirlestrarsal Lbs-Hbs.

Monique van de Kamp og Richard Bennet hjá Springer heimsóttu Ísland 28. október. Þau voru með kynningu í fyrirlestrarsal Lbs-Hbs.



## 6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og birgjum. Þeir notast við COUNTER-staðal. Sú breyta sem helst er stuðst við eru greinar sóttar í fullri lengd. Hún gefur til kynna notkun í gagnasöfnum með greinar. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries).

Við uppsetningu á gögnum um notkun er greinasafn Morgunblaðsins tekið út úr töflu um notkun í gagnasöfnum.

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd

Tímaritasöfn	2010	2009	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Karger Online	7.454	8.180	-8,76%
Elsevier ScienceDirect	275.383	299.280	-8,00%
SAGE Premier	53.621	40.551	32,23%
SpringerLink	54.118	58.726	-7,85%
Wiley (Blackwell-Synergy)	72.003	66.913	7,61%
<b>Samtals</b>	<b>462.579</b>	<b>473.650</b>	<b>-2,30%</b>

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd

Samsöfn	2010	2009	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
EBSCOhost	94.872	92.812	2,22%
ProQuest Central	197.506	257.108	-23,18%
<b>Samtals</b>	<b>292.378</b>	<b>349.920</b>	<b>-14,45%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd

Gagnasöfn	2010	2009	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Britannica Online	135.323	47.959	182,16%
Grove Art	6.502	8.886	-26,83%
Grove Music	10.512	11.862	-11,38%
<b>Samtals</b>	<b>152.337</b>	<b>68.707</b>	<b>121,72%</b>

**Tafla 4.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina

Gagnasafn	2010	2009	Breytingar
Morgunblaðið	2.004.420	667.546	200,26%

**Tafla 5.** Samanlagður fjöldi sótttra greina í fullum texta

Samanlagður fjöldi sótttra greina	2010	2009	Breytingar
Öll tímarita- og gagnasöfn	2.911.714	1.559.823	86,67%
Tímarita- og gagnasöfn að Morgunblaðinu undanskildu	907.294	892.277	1,68%

**Tafla 6.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsóknna og fjöldi leita

Tilvísanasafn	2010	2009	Breytingar
Web of Science (heimsóknir/sessions)	197.463	179.574	9,96%
Web of Science (leitir/queries)	477.144	508.367	-6,15%

**Tafla 7.** Vefgáttin hvar.is

Vefgáttin hvar.is	2010	2009	Breytingar
Notendur (users)	77.043	91.001	-15,34%
Heimsóknir (sessions)	130.122	150.182	-13,34%
Síðuflettingar (page impressions)	261.870	299.870	-12,67%

Umferð á hvar.is er mæld af Modernus og eru mælingar gerðar skv. samræmdri íslenskri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á [www.modernus.is](http://www.modernus.is). Á árinu 2010 var forsendum talningar breytt. Tölur fyrir árið 2009 eru samkvæmt nýjustu viðmiðum. Árið 2010 var uppsafnaður fjöldi notenda 15,34% færri en árið áður. (Notandi er mældur einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu). Heimsóknum fækkaði um 13,34% á árinu. Síðuflettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fækkaði um 12,67%. Notendum hvar.is fækkaði miðað við fyrra ár sem og heimsóknum og síðuflettingum. Samkvæmt könnun meðal notenda vefgáttarinnar hvar.is sem gerð var á árinu eru stærstu notendur hennar háskólanemar í framhaldsnámi 29,43%, háskólanemar í grunnnámi 22,40%, vísindamenn/fræðimenn 15,93% og háskólakennarar 9,18%.

## Yfirlit

Aukning varð á samanlögðum fjölda söttra greina um 1,68% miðað við fyrra ár, ef undan eru skildar notkunartölur gagnasafns Morgunblaðsins. Fjöldi söttra greina hjá Karger fækkar um 8,76%. Fjöldi söttra greina hjá ScienceDirect fækkar um 8%. Aukning er á fjölda söttra greina hjá SAGE um 32,23%. Fjöldi söttra greina hjá Springer fækkar um 7,85%. Aukning er á fjölda söttra greina hjá Wiley (Blackwell-Synergy) um 7,61% en hafa ber í huga að notkunartölur 2009 voru áætlaðar.

Heildarfjöldi söttra greina í fullum texta í samsöfnum fækkar um 14,45%. Hjá EBSCOhost var aukningin 2,22% en hjá ProQuest var fækkun um 23,18%.

Samkvæmt gögnum frá Encyclopædia Britannica jókst notkun á gagnasafninu um 182,16%. Á árinu var bætt aðgengi leitarvéla eins og Google að efni gagnasafninu og talning fór fram samkvæmt viðmiðum COUNTER. Notkun hjá Grove Art gagnasafninu minnkaði um 26,83% og hjá Grove Music var minni notkun sem nam 11,38%.

Fjöldi söttra greina í greinasafni Morgunblaðsins jókst um 200,26% á árinu 2010. Um er að ræða söttrar greinar sem eru eldri en 3ja ára og söttrar af íslenskum IP-tölum öðrum en köngulóm (crawlers) leitarvéla. Aukninguna má þakka bættu aðgengi leitarvéla eins og Google.

Samanlagður fjöldi söttra greina í tímarita-, sam- og gagnasöfnum að Morgunblaðinu meðtöldu eykst um 86,67%. Samanlögð notkun tímarita- og gagnasöfnum fyrir utan Morgunblaðið eykst um 1,68%.

Heimsóknnum í tilvísanasafnið Web of Science fjölgaði um 9,96% en leitum fækkaði um 6,15%.

Smávægileg aukning var á tímarita-, sam- og gagnasöfnum en notkun einstakra tímarita- og gagnasafna dróst í nokkrum tilvikum saman miðað við fyrra ár. Gera má ráð fyrir að fjölmargir þættir hafi áhrif á notkun einstakra safna. Möguleikar notenda á að finna efni í Landsaðgangi í gegnum almennar leitarvélar stuðlar án efa að aukinni notkun. Dæmi um slíkt er aukinn notkun á efni Encyclopædia Britannica og greinasafns Morgunblaðsins. Minnkandi notkun á efni hjá ProQuest er áhyggjuefni og sömuleiðis minnkandi notkun að Grove söfnunum.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á hvar.is, undir krækjunni „Tölur um notkun” sem er neðst til hægri á forsíðu hvar.is.

Mars 2011,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.